

## LEIÐBEININGAR UM RAFRÆNA SKRÁNINGU OG ÞÁTTTÖKU

Á AÐALFUNDI KVÍKU BANKA HF. ÞANN 21. APRÍL 2021

### Rafræn þátttaka

Hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem hafa hug á því að sækja aðalfund Kviku banka hf. þann 21. apríl 2021, hvort sem er rafrænt eða á staðnum, eru beðnir um að skrá sig á vefsíðunni [www.smartagm.com](http://www.smartagm.com) eigi síðar en **kl. 16.00 þann 20. apríl, eða degi fyrir fundardag.**

Með innskráningu þarf að fylgja mynd af gildum skilríkjum og umboð, ef við á.

Á fundardegi fá skráðir hluthafar tölvupóst með nánari leiðbeiningum og sms skilaboð með lykilorði.

Allir hluthafar, hvort sem þeir mæta til fundarins á fundarstað eða taka þátt með rafrænum hætti greiða atkvæði í gegnum kosningakerfið Lumi AGM.

### Vefstreymi

Vefstreymi af fundinum verður aðgengilegt í gegnum Lumi AGM. Geta hluthafar fylgst með því sem fram fer á fundinum og lagt fram skriflegar fyrirspurnir/ábendingar í gegnum Lumi AGM.

Hluthafar eru beðnir um að gæta þess að þegar skriflegar fyrirspurnir/ábendingar eru lagðar fram að tilgreina við hvaða dagskrárlið þær eiga. Hluthafar eiga þess jafnframt kost að koma á framfæri fyrirspurnum/ábendingum áður en fundurinn hefst með því að senda þær á [hluthafar@kvika.is](mailto:hluthafar@kvika.is).


### Aðgangur og atkvæðagreiðsla

Atkvæðagreiðsla á fundinum fer alfarið fram í gegnum Lumi AGM.

Hluthafi skráir inn auðkenni fundarins (Enter Meeting ID: **106-788-122**).

Hluthafi skráir sig svo inn með notendanafni (Username) sem hluthafi fékk afhent með tölvupósti og lykilorði (Password) sem hluthafi fékk afhent með sms skilaboðum.

-----  
*Muna að slökkva á hljóðinu á útsendingunni á sjálfum fundinum*  
-----

Þegar kjósa á dagskrárlið þá birtist hann á skjánum en einnig er hægt að kjósa strax í upphafi fundar um allar tillögur. Þegar táknið  er valið birtist listi með öllum tillögum fundarins og kosningavalmöguleikum. Hluthafar velja viðeigandi valmöguleika við hverja og eina tillögu eftir því hvernig þeir vilja kjósa. Ef hluthafi vill skipta um skoðun getur hann valið að nýju á meðan kosning er opin. Til að hætta við, getur hluthafi valið „Cancel“.

### Til athugunar

Aðgangsauðkenni fyrir hluthafa vegna aðgangs að aðalfundi Kviku og til að greiða atkvæði í gegnum Lumi AGM eru á ábyrgð móttakanda eftir að hann hefur móttekið þau. Móttakandi skal varðveita auðkennið tryggilega og gæta þess að aðrir hafi ekki aðgang að auðkenninu. Móttakandi ber ábyrgð á því að notast við örugga nettengingu þegar hann tekur þátt í fundinum og getur Kvika ekki borið ábyrgð á því ef lélegt netsamband truflar þátttöku hluthafa í fundinum. Jafngildir innslegið auðkenni í Lumi AGM undirskrift viðkomandi hluthafa og telst staðfesting á þátttöku hans á fundinum.